

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Lækur 2, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Læk 2 í Holtum á fundi 12. ágúst 2026. Á jörðinni eru í dag tvö varphús, hvort um sig fyrir um 12.500 varphænur, eða samtals um 25.000 fugla. Breytingin felur í sér að fjölga varpfuglum í allt að 40.000 fugla (fjölgun um 15.000 fugla) og mannvirkjum sem tengjast því. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 12. ágúst 2026.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. ágúst 2026